



Stjórn SSH 486. fundur

Laugardaginn 14. mars 2020, kl. 16:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl Magnús Kristjánsson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins Eiríkur Björn Björgvinsson og Helgi Grímsson.

1. Málafni og viðbrögð við COVID-19 veirufaraldinum

Fundur hófst kl. 13 og farið yfir þá vinnu sem í gangi er varðandi viðmið í leik- og grunnskólastarfi í samkomubanni. Einnig önnur mál er tengjast veirufaraldinum og snerta grunnþjónustu sveitarfélaganna.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar sunnudaginn 15. mars kl. 13:00 vegna málsins en þá er stefnt að tilkynningu er varðar skólahald næstu viku.

2. Tilnefning í samráðshóps lykilaðila í menningarmálum

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að kalla saman samráðshóp lykilaðila í menningarmálum um land allt til þess að vinna að því mikilvæga verkefni að halda uppi starfsemi listastofnana og safna við þær aðstæður sem skapast hafa í íslensku samfélagi. Samkomubann það sem nú hefur tekið gildi bitnar ekki síst á starfsemi menningarstofnana þar sem þær geta ekki haldið uppi sýningarhaldi. Hlutverk hópsins er að afla upplýsinga um viðbrögð stofnana sem og tryggja samráð og samstarf þeirra á milli. Samráðshópurinn verður skipaður forstöðumönnum listastofnana og safna, fulltrúum frá safnaráði, Bandalagi íslenskra listamanna, miðstöðvum lista, landshlutasamtökum sveitarfélaga og Akureyrarbæjar.

Er óskað eftir tilnefningum sem allra fyrst þar sem ráðgert er að halda fjarfund við fyrsta hentugleika þegar tilnefningar liggja fyrir.

Stjórn tilnefnir Örnú Schram sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar og er framkvæmdastjóra falið að koma tilnefningunni á framfæri.

Fleira ekki gert og fundi slitið.